

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 10. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0030

LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði Hólmalækur í Rangárþingi eystra

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. desember 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði Hólmalækur. Breytingin felur í sér að landbúnaðarsvæði (L1) verður breytt í nýtt verslunar- og þjónustusvæði með 8 lóðum, 2,2-9,2 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði heimild fyrir fastri búsetu og gistirými til útleigu. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 32,3 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Hólmalækur er innan svæðis á náttúruminjaskrá, þ.e. C-hluta svæðið Tjarnir og Tjarnarnes (nr. 719) og er einnig innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi.

Náttúrufræðistofnun bendir á að svæðið sem um ræðir er lítt raskað, vel gróið og við Skiptingarhólma eru náttúrulegir lækir og tjarnir sem geta fóstorað fjölbreytt lífríki. Suðurlandsundirlendi hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla. Grónar og hálfgrónar áreyrar Markarfljóts eru þar engin undantekning. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist á heimsvísu. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu. Búsvæðum þessara fugla er víða ógnað, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri ábendingu stofnunarinnar um mikilvægi þess að sveitarfélög á Suðurlandi marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Á síðasta ári hefur Náttúrufræðistofnun gefið umsagnir um uppbyggingu á fjórum svæðum innan 20 km² svæðis vestan Markarfljóts þar sem fyrirhuguð er mismikil uppbygging á frístundabyggð og ferðaþjónustusvæðum. Hólmalækur bætist nú við sem fimmta svæðið.

Meðfylgjandi er kort sem sýnir skipulagssvæðin og tafla sem gefur upp stærðir landnýtingar og gistirými innan þjónustusvæða ef það hefur komið fram í skipulagslýsingu.





Land	Frístundabyggð (ha)	Verslun- og þjónusta (ha)	Gistirými	ATH
Rauðuskriður	2	9,6	50	Mikilvæg fuglasvæði
Dímonarflátir	51,6			Mikilvæg fuglasvæði
DÍlaföt		15	30	Náttúruminjaskrá, Hverfisvernd, Mikilvæg fuglasvæði
Brú	92,3	42,7	?	Mikilvæg fuglasvæði
Hólmalækur		32,3	?	Mikilvæg fuglasvæði
Samtals	145,9 ha	99,6 ha		

Náttúrufræðistofnun telur brýnt að sveitarfélagið meti innan Landeyja samlegðaráhrif aukinnar umsvifa mannsins á náttúrufer svæðisins, s.s. vegna skógræktar, uppbyggingu frístundabyggða og ferðaþjónustusvæða. Þá þarf sérstaklega að kanna áhrif uppbyggingar á fuglastofna þar sem um er að ræða mikilvæg búsvæði. Einnig þarf að endurmeta viðbragðsáætlanir og flóttaleiðir í samræmi við aukna ferðaþjónustu og frístundabyggð. Varðandi aðkomu þarf að útskýra betur kvöð um sameiginlega nýtingu aðkomuvegar Hólmalækjar og Steinmóðarbæjar, eins og fram kemur á bls. 4 í skipulagslýsingu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

